



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík  
hvin@hvin.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík 18. ágúst 2023

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um tillögu um formgerð samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis, mál nr. 123/2023**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu um formgerð samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis, mál nr. 123/2023. Innan samtakanna starfa bæði Samtök upplýsingatæknifyrirtækja og Samtök gagnavera sem starfa með beinum hætti í kringum og innan innviða sem grundvallast á því að hér á landi sé tryggt og stöðugt netöryggi.

Eins og fram kemur í Netöryggisstefnu Íslands 2022-2037, þar sem lögð er fram framtíðarsýn og áherslur stjórnvalda ásamt mælikvörðum og áherslum til þess að ná tilsettum markmiðum í netöryggismálum hér á landi, er „mikilvægur þáttur **og í reynd forsenda þess að ná megi markmiðum stefnunnar** að styrkja og formgera frekar samstarf innan stjórnkerfisins, við atvinnulífið og almenning, með skýrri hlutverkaskiptingu og ábyrgð.“ Samtökin taka heilshugar undir þetta og telja að án reglulegs og öflugts samtals á milli hins opinbera og einkageirans verði ómögulegt að ná viðunandi árangri í netöryggismálum á Íslandi.

Óformlegt samstarf hefur verið á milli aðila í stjórnkerfinu og atvinnulífs en mikilvægt er að formgera það, tryggja upplýsingaflæði og yfirfara árangur árlega eins og lagt er til í tillögu ráðuneytisins. Því styðja samtökin málið eindregið og óska eftir því að eiga fulltrúa á þeim þremur þrepum sem lögð eru til í tillögunni.

Samtökin tóku þátt í vel heppnaðri vinnustofu á vegum ráðuneytisins í aðdraganda málsins þar sem fram kom að samstarf innan netöryggisráðs, sér í lagi hvað varðar upplýsingamiðlun, hefði gengið vel í tíð ráðsins. Samtökin leggja ríka áherslu á að kapp verði lagt á samstarf og öflugt samtal á milli ráðsins og samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs og að ólíkir aðilar hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum svo hægt sé að bregðast við yfirvofandi ógnum með samstilltum hætti.

Virðingarfyllst,

Nanna Elísa Jakobsdóttir,

viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins